**149. löggjafarþing 2018–2019.**
**Þingskjal 2008 — 928. mál.**

# Svar

**samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um útgjöld og notkun á almennum og sérsmíðuðum hugbúnaði hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess.**

Svar við fyrirspurninni birtist hér á eftir. Rétt er að taka fram að svarið byggist á upplýsingum sem aflað var hjá viðkomandi stofnunum nema annað sé tekið fram. Fyrirspurnin tekur til árabilsins 2009 og fram til loka júní 2019. Til ársloka 2010 var samgönguráðuneytið starfandi. Innanríkisráðuneytið starfaði frá ársbyrjun 2011 og fram til loka árs 2017 með hliðsjón af fjárlögum. Tölur fyrir árin 2011–2017 eiga því við um innanríkisráðuneytið í heild sinni. Í ársbyrjun 2018 tók samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið til starfa.

Kostnaður vegna hugbúnaðarkaupa og aðkeyptrar hugbúnaðargerðar er færður á sérstaka tegundalykla í bókhaldi ríkisins. Um er að ræða:

- 55170 hugbúnaður. Hér færist hugbúnaður og notendaleyfi fyrir hugbúnað sem keyptur er í verslunum, hugbúnaðarpakkar, þjónustusamningar, Bakvörður, Web Objects, Web Trends, Stólpi, Erindreki, Navision o.fl., uppfærslu- og viðhaldssamningar af keyptum hugbúnaði.
- 54520 hugbúnaðargerð. Undir þennan lið færist öll aðkeypt vinna kerfisfræðinga og önnur sérfræðiþjónusta vegna hugbúnaðargerðar, viðhalds og viðgerðar á hugbúnaði, aðstoðar og ráðgjafar vegna hugbúnaðar.
- 54521 hugbúnaðargerð án VSK.

Rétt er að benda á að undir tegundir 54520 og 54521 fellur einnig viðhald og viðgerðir á hugbúnaði. Hjá sumum stofnunum felst meginhluti kostnaðar í ýmissi vinnu þjónustuaðila við að halda daglegu tölvuumhverfi gangandi fremur en hugbúnaðargerð. Þá fellur ýmis tilfallandi vinna við vefmál o.fl. undir þessar tegundir.

1. *Hver hafa verið útgjöld ráðuneytisins og undirstofnana þess vegna hugbúnaðarkaupa frá árinu 2009? Hve háum fjárhæðum var varið til kaupa á sérsmíðuðum kerfum annars vegar og til kaupa á almennum hugbúnaði hins vegar?*

Kostnaður vegna hugbúnaðarkaupa kemur fram í eftirfarandi töflu ásamt kostnaði sem skráður er á tegundirnar 54520 hugbúnaðargerð og 54521 hugbúnaðargerð án virðisaukaskatts. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Tölur fyrir aðalskrifstofu ráðuneytisins innifela kostnað sem bókaður er á fjárlagaliðina 06-190 og 10-190 (ýmis verkefni) á umræddu tímabili. Tölur fyrir rannsóknarnefnd samgönguslysa ná frá 1. júní 2013 þegar stofnunin tók til starfa eftir sameiningu þriggja rannsóknarnefnda. Með sama hætti ná tölur fyrir Samgöngustofu frá 1. júlí 2013 og frá 1. janúar 2011 fyrir Þjóðskrá Íslands, en í báðum tilfellum er um að ræða fyrsta rekstrarár sameinaðra stofnana. Kostnaður Vegagerðarinnar, Þjóðskrár Íslands, Samgöngustofu og Byggðastofnunar byggist á tölum frá viðkomandi stofnunum, en annar kostnaður byggist á keyrslu úr bókhaldi ríkisins sem framkvæmd var af Fjársýslu ríkisins.

Kostnaður skráður á tegundalykla 54520, 54521 og 55170 hjá Þjóðskrá Íslands felur í sér vinnu við hugbúnaðargerð, þjónustu á hugbúnaðarkerfum og/eða kaup á stöðluðum hugbúnaði fyrir Þjóðskrá Íslands ásamt hugbúnaði fyrir sýslumannsembætti, dómstóla og sveitarfélög.

| Fjárhæðir í millj. kr. | Tegund 55170 | Tegundir 54520 og 54521 |
|---|---|---|
| Aðalskrifstofa ráðuneytisins | 37,6 | 38,3 |
| Rannsóknarnefnd samgönguslysa | 3,4 | 1,4 |
| Samgöngustofa | 138,5 | 4,7 |
| Vegagerðin | 323,3 | 1.003,1 |
| Póst- og fjarskiptastofnun | 75,8 | 21,3 |
| Þjóðskrá Íslands | 493,0 | 1.023,0 |
| Byggðastofnun | 11,8 | 0,0 |

2. *Hve háum fjárhæðum vörðu ráðuneytið og undirstofnanir þess til greiðslu leyfisgjalda fyrir hugbúnað annars vegar og til greiðslu þjónustugjalda fyrir hugbúnað hins vegar frá árinu 2009?*

Eins og áður greinir eru öll hugbúnaðarkaup færð á tegund 55170 í bókhaldi ríkisins og gildir þá einu hvort um er að ræða leyfisgjöld eða þjónustugjöld. Umræddur kostnaður liggur því ekki fyrir sundurliðaður í bókhaldskerfum ríkisins.

3. *Hvaða sérsmíðaða hugbúnað er ráðuneytið og hver undirstofnun þess að nota og:*
   a. *hver er eigandi hugbúnaðarins,*
   b. *eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út,*
   c. *var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar,*
   d. *hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins,*
   e. *hver er tilgangur hugbúnaðarins?*

Eftirfarandi tafla byggist á svörum frá stofnunum sem heyra undir ráðuneytið. Rétt er að benda á að sérsmíðaður hugbúnaður er oft í stöðugri þróun og liggur endanlegur kostnaður því ekki alltaf fyrir. Þetta á ekki síst við þegar hugbúnaðurinn er þróaður innanhúss hjá stofnunum. Varðandi b-lið þessa töluliðar þá lágu svör almennt ekki fyrir hjá stofnunum ráðuneytisins þar sem oft er um að ræða eldri hugbúnaðarkerfi.

| Fjárhæðir í milljónum króna | Hver er eigandi hugbúnaðarins (3a) | Eftir hvaða hugbúnaðar-leyfi er hug-búnaðurinn gefinn út (3b) | Var hugbúnaðurinn þróaður af verk-tökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar (3c) | Hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins (3d) | Hver er tilgangur hugbúnaðarins (3e) |
|---|---|---|---|---|---|
| **Aðalskrifstofa ráðuneytisins og ýmis verkefni** | | | | | |
| Tilkynningagátt um öryggisatvik * | SRN | Ríkissjóður hefur fullan afnotarétt fyrir alla opinbera aðila | Verktakar | 7,7 | Tilkynningagátt fyrir öryggisatvik á Netinu |
| Samráðsgátt | FOR og FJR | | Verktakar | 7,2 | Birt eru skjöl stjórnvalda til samráðs við almenning og hagsmunaaðila |
| Vefgátt SRN * | SRN | | Verktakar | 1,5 | Samræmd upplýsingagátt fyrir málefnasvið ráðuneytisins |
| ** Verk í vinnslu, heildarkostnaður liggur ekki fyrir. Tilkynningagáttin verður afhent Persónuvernd og netöryggissveit PFS í ágúst 2019.* | | | | | |
| **Rannsóknarnefnd samgönguslysa** | | | | | |
| Bráðabirgða vefsvæði vegna sameiningar stofnana | RNSA | | Verktakar | 1,3 | Bráðabirgðavefsvæði vegna sameiningar þriggja rannsóknarnefnda í eina |
| **Samgöngustofa** | | | | | |
| Bókunarkerfi flugprófa | Samgöngustofa | | Forritarar innanhúss | 1,1 | Bókun í flugpróf |
| Taxi | Samgöngustofa | | Verktakar | 3,6 | Skrá um leyfi atvinnubílstjóra |
| Skipaskrá – Skútan | Samgöngustofa | | Verktakar | Ólokið, áætlun 40 millj. kr. | Kerfi í þróun hjá Advania |
| Nachos | Samgöngustofa | | Forritarar innanhúss | Óþekkt | Umsóknir ökuritakorta |
| Askur | Samgöngustofa | | Forritarar innanhúss | Óþekkt | Gögn um ökupróf |
| Loftfaraskrá – ISAIR | Samgöngustofa | | Verktakar og stofnun | Greitt af Flugmálastjórn | Skráning loftfara |
| Skírteinakerfi – ISPEL | Samgöngustofa | | Verktakar og stofnun | Greitt af Flugmálastjórn | Útgáfa og utanumhald skírteina fyrir flugmenn |
| Gátlisti – INSPECT | Samgöngustofa | | Verktakar og stofnun | Geitt af Flugmálastjórn | Til úttekta |
| Skipaskrá | Samgöngustofa | | Verktakar og stofnun | Greitt af Siglingastofnun | Skrá um skip |
| Lögskráningar | Samgöngustofa | | Verktakar og stofnun | Greitt af Siglingastofnun | Skrá yfir lögskráningar sjómanna |
| Ekja | Samgöngustofa | | Stofnun | Greitt af Umferðastofu | Skrá yfir ökutæki |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Horus | Samgöngustofa | Stofnun | Greitt af Umferðastofu | Skýrslugerð |
| Slysaskrá | Samgöngustofa | Stofnun | Greitt af Umferðastofu | Slysaskrá |
| **Vegagerðin** | | | | |
| Veggagnabanki | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Grunnkerfi fyrir skráningu, viðhald vegakerfis Vg. Haldið er utan um sögu og gögn vegþekjunnar |
| Vörpun vega | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Notendaviðmót fyrir Veggagnabanka |
| Vegaskrá | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Heldur utan um útgefna vegaskrá Vg. |
| Námukerfi | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Skráning og viðhald námugagna |
| Brúakerfi | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Skráning og viðhald brúargagna |
| Slysakerfi | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Skráning og viðhald slysagagna á vegum Vg. |
| Falllóðskerfi | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Skráning falllóðsmælinga |
| Hrýfikerfi | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Hrýfimælingar lesnar í grunn og birtar á korti |
| Slitlagakerfi | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Skráning og viðhald slitlagagagna |
| Fastmerkjakerfi | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Skráning og viðhald fastmerkjagagna |
| Jarðtæknikerfi | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Skráning og viðhald jarðtæknigagna |
| Vegsniðskerfi | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Notað í tengslum við hönnun vega |
| Rannsóknarkerfi | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Skráning og viðhald rannsókna jarðefna |
| Færð og veður | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Aðallega bakgrunnskerfi |
| Teikningar vega | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Heldur utan um yfirlits- og hönnunarteikningar vega |
| Gagnaveita | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Veitir ytri aðilum aðgang að lifandi gögnum Vg. svo sem veðri, umferð, færð, o.s.frv. |
| Ýmsar vefþjónustur | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Fyrir gagnastrauma á milli ólíkra kerfa á innra neti |
| Vegasjá ísl./ensk | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Á ytri vef Vg. Hægt að skoða veður, vefmyndavélar, færð á gagnvirku korti |
| Vegasjár fyrir fagaðila | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Gagnvirkt kort fyrir fagaðila |
| Utel | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Heldur utan um gögn frá umferðateljurum |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Veður og sjólag | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Heldur utan um gögn um veður og sjólag. Upphaflega skrifað af Siglingastofnun en viðhaldið og þróað af VG eftir sameiningu stofnananna |
| Ýmis bakgrunnskerfi PL/SQL o.fl. | Vegagerðin | Forritarar innanhúss | Liggur ekki fyrir | Undirliggjandi fyrir mörg kerfi |
| Girðingakerfi | Vegagerðin | Verktakar | Liggur ekki fyrir | Skráning og viðhald gagna um girðingar meðfram vegum |
| Boðunarkerfi | Vegagerðin | Verktakar | Liggur ekki fyrir | Heldur utan um boðanir verktaka t.d vegna snjómoksturs o.fl. |
| Umferðabanki eldri | Vegagerðin | Verktakar | Liggur ekki fyrir | Heldur utan um umferðargögn |
| Umferðarbanki nýr, ekki lokið | Vegagerðin | Verktakar | Liggur ekki fyrir | Heldur utan um umferðargögn |
| Elit | Vegagerðin | Verktakar | Liggur ekki fyrir | Heldur utan um færðarupplýsingar |
| Gagnaskoðari | Vegagerðin | Verktakar | Liggur ekki fyrir | Fyrirspurnartól fyrir gögn frá teljurum og mælum við vegi |
| Gagnaeftirlit | Vegagerðin | Verktakar | Liggur ekki fyrir | Fylgist með réttleika gagna frá mælum við vegi |
| Færðarapp | Vegagerðin | Verktakar | Liggur ekki fyrir | Hægt að skoða færð í snjallsíma |
| Ytri vefur Vegagerðarinnar | Vegagerðin | Verktakar | Liggur ekki fyrir | Fyrir almenning |
| Innri vefur Vegagerðarinnar | Vegagerðin | Verktakar | Liggur ekki fyrir | Fyrir starfsmenn Vegagerðarinnar |
| **Póst- og fjarskiptastofnun** | | | | |
| Tíðniuppboðsvél | PFS | Verktakar | 0,7 | Hugbúnaður til að halda uppboð á fjarskiptatíðnum |
| **Þjóðskrá Íslands** | | | | |
| Skráningar og matskerfi fasteigna | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 272,4 | Fasteignaskrá |
| Þjóðskrárkerfi | Þjóðskrá Íslands | Verktakar og stofnun | 136,6 | Þjóðskrá |
| Álagningkerfi sveitarfélaga | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 80,0 | Álagningarkerfi |
| Starfskerfi sýslumanna | Þjóðskrá Íslands | Verktakar og stofnun | 77,6 | Nauðungarsölu-, aðfarar-, sifja-, dánarbús-, P-korta-, mála- og lögræðiskerfi |
| Kosningakerfi / undirskriftalistar | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 58,7 | Ísland.is |
| Málakerfi sýslumanna | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 52,2 | Gamalt GoPro-kerfi, var aflagt og nýtt starfskerfi sýslumanna kom í stað þess |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Vegabréfa- / skilríkjakerfi | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 50,7 | Vegabréfakerfi sem skiptist í umsóknar-, framleiðslu- og skilríkjakerfi |
| Leyfisveitingagátt | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 47,2 | Ísland.is |
| Ísland.is | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 46,8 | Ísland.is |
| Vefur / heimasíða | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 34,8 | Vefur |
| Íslykill | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 26,4 | Ísland.is |
| Þinglýsingarkerfi sýslumanna | Þjóðskrá Íslands | Verktakar og stofnun | 10,5 | Þinglýsingarkerfi sýslumanna |
| LotusNotes/GoPro-viðbætur | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 9,0 | Gamalt GoPro-kerfi, var aflagt og nýtt starfskerfi sýslumanna kom í stað þess |
| Skjalastjórnunarkerfi | Þjóðskrá Íslands | Verktakar | 7,4 | Skjalastjórnunarkerfi |
| Rafrænar þinglýsingar | Þjóðskrá Íslands | Verktakar og stofnun | 6,0 | Rafrænar þinglýsingar, enn í smíðum |
| VefUppfletti | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Miðlun upplýsinga um fasteignir |
| Kaup- og leigusamningakerfi | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Kerfi sem heldur utan um kaupsamninga og leigusamninga |
| Kjörskrár og kjördeildarkerfi | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Kerfi til að halda utan um kjörskrárstofn, kjördeildir og utankjörfundarkerfi |
| Ýmsar vefþjónustur | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Ýmsar þjónustur til að miðla upplýsingum til þriðja aðila |
| Skönnunar – skjalakerfi | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Skönnunarkerfi og rafskjalasafn |
| Tryggingabanki | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Miðlægt kerfi fyrir tryggingafélög |
| Ríkiseignir | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Umsýslukerfi fyrir Ríkiseignir |
| Vefsjá fasteigna (loftmyndir) | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Upplýsingavefur |
| Verðsjár fasteigna | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Upplýsingavefur |
| Lögræðissviptingaskrá | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Lögræðissviptingaskrá |
| Xroad | Þjóðskrá Íslands | Forritarar innanhúss | | Rafrænt þjónustulag ríkisins (Straumurinn) |
| **Byggðastofnun** | | | | |
| Engin sérsmíðuð kerfi eru í notkun hjá stofnuinni | | | | |